



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

RENN1GR05

(Rennismiði)

Kennari:	Gísli Viðar Oddsson (GVO) gisli.oddsson@fsu.is Sigurþór Leifsson (SL) sigurthor@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Kennt er á hefðbundinn rennibekk, fræsivél og borvél. Kennslan er einstaklingsmiðuð og eru öryggismál veigamikill þáttur námsins. Samhliða verklegri kennslu er bókleg kennsla. Námið byggir á verkefnalausnum, verk- og bóklegum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla.
- mismunandi hlutum spóntökuvélanna, tilgangi þeirra og möguleikum.
- stillimöguleika rennibekkjarins við mismunandi verkþætti.
- helstu uppspenniaðferðum í rennibekk og fræsara.
- muninum á mismunandi gerðum rennistáls og í hvaða tilgangi þau eru notuð.
- mikilvægi þess að gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er með spóntökuvélar.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.
- skrúfuskera með tappa og bakka í rennibekk.
- skrúfuskera öxul með skrúfuskurðarstáli.
- fræsa kant á öxul.
- sinna umhirðu rennibekks og fræsivélar á fullnægjandi hátt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er við spóntökuvélar.
- reikna út snúnings- og skurðhraða samkvæmt töflum.
- finna réttan skurð- og snúningshraða og velja rétt verkfæri við lausn mismunandi verkefna.
- leita ráða hjá reyndum mönnum þegar það á við.
- gera stutta greinargerð um verkefni sem unnin eru þar sem fram koma upplýsingar um efnistöð, véla -og verkfæra-aval, framvindu verks og vinnslutíma.

Námsefni: Rennismiði fyrir grunnnám málmiðna, 2. útgáfa (Þór Pálsson), efni frá kennara.
Nemendur verða að útvega sér sitt eigið rennimál

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2.	9. janúar - 15. janúar	- Námsáætlun áfangans kynnt - Farið yfir helstu öryggisatriði við notkun spóntökuvéla	
3.-7.	16. janúar – 12. febrúar	- Rennibekkurinn kynntur fyrir nemendum og öxull með gengjum smíðaður	Öxull með gengjum og bókleg verkefni
7.-9.	13. febrúar – 5. mars	- Tvær rær smíðaðar og efnað niður í öxul	Rær og bókleg verkefni
10.-14.	6. mars - 9. apríl	- Smíðaður öxull með gengjum fyrir rær og frígang fyrir innan gengjur.	Öxull og bókleg verkefni
15.-18.	10. apríl - 7. maí	- Hamar smíðaður - Síðasti kennsludagur fös. 6. maí.	Hamar og bókleg verkefni
19.-20.	6. desember - 18. desember	- Lokanámsmat hefst mán. 9. maí. - Sjúkrapróf mán. 16. maí. - Brautskráning lau. 21. maí.	

Sérreglur áfangans:

Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans. Nemendur skulu í verklegum tímum klæðast óeldfimum fatnaði og vera í ermalöngum hlífðarfötum sem ná vel upp í háls og sloppum eða göllum. Skór verða að vera óeldfimir og lokaðir, helst að hafa skó með stáltá. Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp undir föt, námsbækur og tölvur. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Notkun á sínum og öðrum raftækjum: Notkun síma og annarra raftækja (þ.m.t. eyrnatól) er óheimil í tímum og varðar slík notkun fjarvist úr tíma (F). Spóntökutæki eru hættuleg tæki og krafa er um fulla einbeitingu við notkun þeirra.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkleg verkefni	Smíðastykki 1	20%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 2	25%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 3	15%

Fagbókleg verkefni	Bókleg verkefni	20%
Umgengni	Umgengni um spóntökutæki	10%
Ástundun	Mæting og vinnusemi	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2022, Gísli Viðar Oddsson og Sigurbór Leifsson